

STJÓRNARTÍÐINDI B 28 — 1974

29. júlí 1974.

483

Nr. 222.

REGLUGERÐ

um sérstakt handfæra- og línusvæði út af Norðfirði sumarið 1974.

1. gr.

Frá og með 1. ágúst til 30. september 1974, eru allar netaveiðar bannaðar út af Norðfirði á svæði, er markast að vestan af línu dreginni úr Barðsneshornsvita í Dalatangavita, að norðan af línu dreginni 6 sjómíllur réttvísandi austur úr Dalatanga, að sunnan af línu dreginni 6 sjómíllur réttvísandi austur úr Gerpi, og að austan af línu dreginni frá punkti 6 sjómíllur réttvísandi austur frá Dalatanga í punkt 6 sjómíllur réttvísandi austur frá Gerpi.

2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála, og varða þau brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júlí 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Jón B. Jónasson.